

Ed.

314. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýra-sjúkdómar berist til landsins.

Frá Einari Árnasyni.

Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

Bannaður er allur innflutningur á þessum vörutegundum:

a. Heyi, hálmur, alidýraáburði, hráum og lítt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, ósoðinni mjólk, gömlum og notuðum pokum og tuskum allskonar.

b. Ull.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu fyrir ull til verksmiðju-
iðju, enda sje hún sóttgreinsuð utanlands eða innan, undir öruggu eftirliti.

c. Notuðum fatnaði, fiðri, fjöðrum, dúm, stráteppum, körfum úr strái, dýrahári og vörum, sem gerðar eru úr því, svo sem: burstavörum, penslum, kústum og hrosshársborðum.

Á vörum, sem taldar eru í þessum lið, kemur þó innflutningsbann ekki til framkvæmda, ef vörurnar sóttgreinsast við tilbúning eða hreinsun, eða ef þær eru sóttgreinsaðar áður en þær voru fluttar á skip, enda fylgi farm-skránni vottorð um uppruna og vinslu varanna eða sóttgreinsun.

Þó er atvinnumálaráðherra heimilt að fyrirskipa sóttgreinsun á tjeðum vörum, er þær koma hingað til lands, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

d. Fóðurkökum, rófum, kartöflum, káli og öðru hraðvöxnu grænmeti, mjólkur-
afurðum og eggjum.

Þó getur atvinnumálaráðherra veitt undanþágu frá innflutningsbanni á vörum þessum í einstökum tilfellum og fyrir lönd og landshluta.